



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

12. MARS 2026
ELDBORG HARPA

KIAN SOLTANI LEIKUR LUTOSŁAWSKI



VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

TÍMALENGD VERKA:

DÓTTIR NORÐURSINS 14"
SELLÓKONSERT 23"
SINFÓNÍA 45"

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

KIAN SOLTANI LEIKUR LUTOSŁAWSKI

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 12. MARS KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

EVA OLLIKAINEN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

KIAN SOLTANI
EINLEIKARI

JEAN SIBELIUS

Dóttir norðursins, op. 49 (1905-1906)

WITOLD LUTOSŁAWSKI

Sellókonsert (1970)

Inngangur

Fjórar episóður

Cantilena

Lokaþáttur

HLÉ

JEAN SIBELIUS

Sinfónía nr. 2 í D-dúr, op. 43 (1901-1902)

Allegretto

Tempo andante, ma rubato

Vivacissimo

Finale: Allegro moderato

For information in English about
tonight's programme, please visit
the Iceland Symphony Orchestra
website: en.sinfonia.is

Efnisskrá tónleikanna er hluti af tónleikadagskrá
væntanlegrar Evrópureisu hljómsveitarinnar.

EVA OLLIKAINEN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2020. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusarakademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Tveimur árum síðar kom Eva fyrst til Íslands þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara. Í kjölfarið stjórnaði hún þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði SÍ í fyrsta sinn í Hörpu en skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Filharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Eva hefur lagt áherslu á flutning og hljóðritun verka íslenskra tónskálda með Sinfóníuhljómsveit Íslands og má nefna útgáfu Sono Luminus á hljómdisknum ARCHORA / AÍÖN með verkum Önnu Þorvaldsdóttur árið 2023 í því samhengi. Að álitinu *New York Times* var diskurinn í hópi bestu klassísku diska ársins 2023 og *Boston Globe* valdi hann einn af tíu bestu klassísku diskum ársins. Eva er tíður gestakennari við Sibeliusarakademíuna og hafði hún frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að stjórna hljómsveitinni.

Starfsárið 2025/26 stjórnar Eva Sinfóníuhljómsveit Íslands á fjölbreyttum áskriftartónleikum í Hörpu og á fimm tónleikum í Evrópuferð hljómsveitarinnar. Hún mun kveðja hljómsveitina sem aðalhljómsveitarstjóri með Íslandsfrumflutningi á 8. sinfóníu Mahlers á Listahátíð í Reykjavík í maí næstkomandi.

KIAN SOLTANI

EINLEIKARI



Kian Soltani er einn fremsti sellóleikari samtímans, rómaður fyrir tæknilega fullkomnun og tilfinningaríka túlkun. Hann fæddist árið 1992 í Bregenz, Austurríki, af persneskum foreldrum. Soltani hóf að leika á selló þegar hann var fjögurra ára gamall og aðeins tólf ára hlaut hann inngöngu í sellóbekk Ivan Monighetti í Tónlistarakademíunni í Basel. Hann hlaut Anne-Sophie Mutter Foundation námsstyrk árið 2014 og lauk framhaldsnámi frá Kronberg Akademíunni í Þýskalandi og Alþjóðlegu tónlistarakademíunni í Liechtenstein.

Soltani vakti fyrst heimsathygli þegar hann vann fyrstu verðlaun í Paulo-sellókeppninni í Helsinki árið 2013 og hann hefur síðan komið fram með mörgum helstu hljómsveitum Evrópu og víðar. Soltani fléttar gjarnan saman tónlistarhefðum austurs og vesturs, til að mynda í hljóðritunum sínum fyrir Deutsche Grammophon. Soltani hefur mikinn áhuga á kvikmyndum og endurspeglar hljóðrit hans frá 2021, *Cello Unlimited*, það. þar má finna kvikmyndatónlist í útsetningu Soltanis fyrir selló þar sem hann leikur sjálfur allt að 40 raddir í hverju lagi. Hljóðritið er því könnun á fjölbreyttum möguleikum sellósins, tjáningu þess og frásagnarkrafti. Fyrir það hlaut hann Innovative Listening Experience Award árið 2022 frá Opus Klassik Awards.

Fyrir þetta starfsár hefur Soltani sótt Ísland tvisvar heim, þegar hann lék með hljómsveitinni sellókonsertera Roberts Schumann og Edwards Elgar. Flutningur hans vakti mikla hrifningu og var honum boðið að vera staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2025/26. Á starfsárinu kemur Soltani fram með sveitinni á þrennum tónleikum í Eldborg. Fyrstu tónleikarnir voru í október og þá flutti hann sellókonsert í C-dúr eftir Haydn undir stjórn Mirians Khukhunaishvili. Á föstudagstónleikum á morgun mun hann leika sellókonsert Elgars. Soltani verður jafnframt einleikari í Evrópuferð sveitarinnar í næsta mánuði og mun leika einleik á öllum fimm tónleikum ferðarinnar.

JEAN SIBELIUS

DÓTTIR NORÐURSINS (POHJOLAN TYTÄR)



TÓNLISTIN OG SÍ

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið Dóttur norðursins áður á tónleikum árið 2013 undir stjórn Pietari Inkinen og einnig árin 1989 í Háskólabíói og 1990 á tónleikaferðalagi í Svíþjóð og Finnlandi en þá hélt Petri Sakari um tónsprotann.

Tónaljóðið Dóttir norðursins (1906) hefur ekki aðeins titil, heldur jafnframt ítarlegustu lýsingu í efnisskrá sem Jean Sibelius skrifaði nokkru sinni. Textabrotið í Kalevala, sem veitti þessu verki innblástur, er að finna í 8. rúnu, sem í ýmsum þýðingum hefur verið kölluð „Sárið“ eða „Väinämöinen og mærin á norðurbænum“. Tónaljóðið dregur upp mynd af hinum staðfasta, aldraða og hvítskeggjaða Väinämöinen, sem verður var við hina fögru „dóttur norðursins“ (Pohjola) þar sem hún situr á regnboga og vefur gullklæði, á sama tíma og hann ekur sleða um rökkvað landslagið. Väinämöinen biður hana um að slást í för með sér en hún svarar að hún fari aðeins með manni sem geti leyst ýmis krefjandi verkefni, til dæmis að binda egg í ósýnilega hnúta og að smíða bát úr brotum af snældu hennar. Väinämöinen reynir að uppfylla þessi skilyrði með töfrakunnáttu sinni; mörg verkefnanna leysir hann en að lokum koma illir andar í veg fyrir að honum takist að smíða bátinn, og hann meiðir sig á öxi.

Bálreiður og niðurbrotinn, með hlátur hennar ómandi í eyrum sér, stekkur hann aftur á sleðann og hverfur inn í myrkrið. Allt þetta má greina býsna auðveldlega í tónlistinni ef áheyrandi leggur þannig við hlustir. Því kemur það á óvart að Jean Sibelius virðist aðeins hafa ákveðið þessa sögu þegar megnið af tónlistinni var þegar samin. Undirtitill verksins, „Sinfónísk fantasía“, færir þetta tónaljóð nær hinum númeruðu sinfóníum, og má sjá ákveðin tengsl við þær. Þar má nefna hvernig tónskáldinu tekst að tengja saman ólíkt andrúmsloft og tempó í sannfærandi heild eins og hann gerir bæði í fimmtu og sjöundu sinfóníu sinni. Dóttir norðursins, sem segir sögu um niðurlægjandi ósigur, ryður einnig brautina fyrir fjórðu sinfóníu Sibelius er fylgdi í kjölfarið, en hún er mjög dökk og innhverf.

WITOLD LUTOSŁAWSKI

SELLÓKONSERT



TÓNLISTIN OG SÍ

Sellókonsert Lutosławskis var áður á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1979 undir stjórn Páls P. Pálssonar þar sem Erling Blöndal Bengtsson lék einleik og svo árið 1993 með sellóleikaranum Wendy Warner og hljómsveitarstjóranum Wojciech Michniewski.

Witold Lutosławski fæddist árið 1913 og tilheyrði þeirri kynslóð pólskra tónskálda sem í upphafi mótuðust af þjóðernislegum tónstíl í gegnum menntun sína og menningarlegt umhverfi. Smám saman fór hann út fyrir þann arf, ekki með því að hafna honum alfarið, heldur með því að móta og slípa eigin rödd þar til hún varð óumdeilanlega hans eigin. Á sama máta fannst honum hann aldrei skuldbundinn til að tileinka sér hverja nýja tískubylgju á vestræna tónlistarsviðinu. Þess í stað tók hann sér það sem skipti máli en lét hitt vera. Með því mótaði hann tónmál sem var persónulegt og auðþekjanlegt sem sitt eigið.

Sellókonsert hans var pantaður af Royal Philharmonic Society með stuðningi Calouste Gulbenkian Foundation. Hann var frumfluttur í Royal Festival Hall 14. október 1970 af Bournemouth sinfóníuhljómsveitinni undir stjórn Edward Downes, með Mstislav Rostropovich sem einleikara. Verkið var samið fyrir Rostropovich og er tileinkað honum. Það er leikið án hlés og fjórir meginhlutar þess renna saman, svo skilin á milli þeirra eru ekki endilega augljós við fyrstu hlustun.

Í tengslum við frumflutninginn benti Witold Lutosławski á að drögin að formgerð sellókonsertsins væru vísvitandi sett fram á „bókmenntalegan“ hátt fremur en tæknilegan, til þess að gera tiltekin augnablik í verkinu skýrari og leiðbeinandi fyrir flytjendur. Orðalag á borð við „glæðvært“ selló eða „reiðir“ lúðrar væru, eins og hann lagði áherslu á, myndrænar vísbendingar um andstæðan blæ, ekki vísbending um söguþráð eða nokkra merkingu utan tónlistarinnar. Þrátt fyrir að tónskáldið hafi lagt áherslu á að ekki væri hægt að draga neina merkingu af þessum lýsingum þá er óhætt að segja að þessar lýsingar geti varpað ljósi á verkið fyrir áheyrendur.

JEAN SIBELIUS

SINFÓNÍA NR. 2



TÓNLISTIN OG SÍ

Önnur sífónía Sibeliúsar er á meðal eftirlætisverka SÍ og hefur hún verið flutt reglulega allt frá árinu 1950. Á meðal þeirra sem hafa stjórnað verkinu með hljómsveitinni má nefna Jussi Jalas, sem var tengdasonur Sibeliúsar (1950 og 1974), Jóhann Tryggvason (tengdafaðir Ashkenazys, 1955), Karsten Andersen (1976), Osmo Vänskä (1996, m.a. á tónleikum í Carnegie Hall), Petri Sakari (1997 og 2008), Yuri Temirkanov (2000), Yan Pascal Tortelier (í Reykjavík og Gautaborg 2016) og Vladimir Ashkenazy (í Reykjavík og á tónleikaferðalagi sveitarinnar í Japan 2018).

Undir lok nítjándu aldar naut Jean Sibelius (1865–1957) sín í kjölfar nýlegra sigra íburðarmikillar fyrstu sífóníu sinnar og hinnar mögnuðu Finlandíu. Þar að auki var hann smám saman að skapa sér nafn í tónlistarkreðsum á meginlandi Evrópu. Bæði Svanurinn í Tuonela og Endurkoma Lemminkäinen (annað og síðasta verkið af Fjórum goðsögnum) höfðu verið flutt í Berlín undir stjórn Felix Weingartner og á Englandi hafði Henry Wood sett hina heillandi King Christian II-svítu á dagskrá á einum af útítónleikum sínum. Handan Atlantshafsins var tónlist Sibeliúsar farin að óma í tónleikasölum New York, Chicago og Cincinnati. Samt sem áður var tónskáldið sjálft sokkið í vonleysi: áhyggjur af hjónabandinu og peningum sem jukust vegna óhöflegar áfengisneyslu í Helsinki og dauða fimmtán mánaða dóttur hans Kirsti í febrúar 1900 (hún lést af taugaveiki í faraldri í Suður-Finnlandi).

Strax eftir frumflutninginn, 8. mars 1902, var sífónían gerð að tákni þjóðfrelsis í Finnlandi á sérlega myrku tímabili rússneskrar kúgunar. Robert Kajanus, stofnandi og stjórnandi Filharmóníuhljómsveitarinnar í Helsinki, orðaði það svo: „Andante-kaflinn kemur manni fyrir sjónir sem hjartnæm mótmæli brostins hjarta, gegn öllu því ranglæti sem um þessar mundir ógnar því að svipta sólina ljósi sínu og blómin ilmi sínum.... Scherzo-kaflinn dregur upp mynd af æðisgengnum undirbúningi. Líkt og allir leggist á eitt; allir þræðir þandir til hins ýtrasta og hver sekúnda virðist vara í heila klukkustund. Upplifunin á hvað er í húfi er skýr í andstæðu þríleikskaflanum, með óbó-mótífi sínu í Ges-dúr. Lokakaflinn þróast svo í átt að sigri fagnandi endi, sem ætlað er að vekja hjá hlustandanum mynd af björtum framtíðar vonum.“

Sibelius sjálfur var hins vegar ekki hneigður til slíkrar túlkunar á tónlist sinni. Hann trúði staðfastlega á mátt hinnar hreinu tónlistar og hélt því fram að tónlist hans skyldi metin á þeim forsendum. En hann var jafnframt rómantíker sem í fagurfræði sinni sótti í skynjun myndlíkinga fléttaða við þemabundinn efnivið. Sem ákafur náttúruunnandi sótti hann reglulega innblástur í umhverfi sitt. Firðir og ísilögð vötn virðast renna og kaldir vindar blása, um alla aðra sínfóníu hans. Þótt þetta kunni að virðast mótsagnakennt í fyrstu, falla þessar tvær staðreyndir báðar áreynslulaust að tónlist Sibeliusar. Hún er tímalaus en jafnframt gædd dulúðugum og lífrænum eiginleika sem ber með sér finnskt landslag og hinar epísku þjóðsagnir þess.

Fyrsti af fjórum þáttum sínfóníunnar hefst á endurtekinni, hækkandi hreyfingu strengja, byggðri á þriggja tóna mótífi sem verður kjarni nokkurra þema víðs vegar um sínfóníuna. Það er heillandi að hlusta á hvernig þessir þrír einföldu tónar springa út í hverri laglínunni á fætur annarri, hver með sín sérkenni, en engu að síður sprottnar af sömu rót. Annar þátturinn (Tempo, Andante, ma rubato), sem innifelur þá tónlist sem Sibelius skissaði á meðan hann var á Ítalíu, hefst á dekkri nótum en sá fyrsti. Áhrifamáttur stemningarinnar eykst þegar strengir og horn bætast í hópinn, þar til óhjákvæmilegu risi er slaufað í djúpstæðri þögn. Strengirnir eru síðan klofnir í tíu raddir og leiða hlustandann að stuttum en afar dramatískum kóða, þar sem myrk þemabrot eru fléttuð inn í villtar trillur tréblásturshljóðfæranna. Ólgandi og órólegur, síhreyfanlegur Scherzo-kaflinn setur í andstöðu sláandi og siendurtekna krómatíska bassalínu, staccato í strengjunum og lúðrablastur við ljóðrænar óbó-laglínur í tríó-kaflanum. Hvorutveggja boðar sigurreifan lokakaflann, sem brýst fram án allrar tilgerðar í átt að tilkomumiklum endalokum.

Þorbjörg Daphne Hall

Á DÖFINNI

ELGAR & ELDFUGLINN

FÖSTUDAGUR 13. MARS KL. 18:00

Kynning á efnisskrá Evrópureisu SÍ heldur áfram á föstudagstónleikum í Eldborg. Sellókoncert Edwards Elgar er eitt dádasta einleiksverk tónlistarsögunnar og hér njóta sín til fullnustu óviðjafnanleg tök einleikarans, Kians Soltani, á hljóðfærinu. Eldfuglinn verður einnig með í ferðalaginu, hljómsveitarsvítan litríka sem Ígor Stravinskij vann upp úr byltingarkenndum balletti sínum sem frumfluttur var árið 1910. Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir og án hlés.



E.T. BÍÓTÓNLEIKAR

**FIMMTUDAGUR, FÖSTUDAGUR, LAUGARDAGUR
9.-11. APRÍL KL. 19:00 OG 14:00**

Upplifðu leyndardómana og gleðina í hinu hjartnæma meistaraverki leikstjórans Stephen Spielbergs sem heillað hefur áhorfendur um allan heim. Kvikmyndin er sýnd á stórum HD-skjá við lifandi flutning heillar sínfóníuhljómsveitar á tónlist Óskarsverðlaunahafans® John Williams. Sýnd verður upprunaleg útgáfa kvikmyndarinnar frá árinu 1982 með íslenskum texta. Ekki missa af E.T. við lifandi tónlistarflutning Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Upplifðu töfrana enn á ný!

©A.M.P.A.S.® E.T. The Extra-Terrestrial is a trademark and copyright of Universal Studios. Licensed by Universal Studios. All Rights Reserved.



SKÖPUN HEIMSINS

FIMMTUDAGUR 16. APRÍL KL. 19:30

Tónleikagestum er boðið í ferðalag um tíma og rúm með efnisskrá sem spannar rúm 200 ár tónlistarsögunnar. Á efnisskránni eru forleikur að Sköpuninni og sínfónía nr. 64 eftir Joseph Haydn, hæglátt strengjaverk eftir Ruth Crawford Seeger, hið kynngimagnaða Lontano eftir György Ligeti og tónaljóðið, Also sprach Zarathustra, eftir Richard Strauss. Barbara Hannigan stjórnar Sinfóníuhljómsveitinni á þessum tónleikum en hún tekur við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda hljómsveitarinnar haustið 2026.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Laura Liu
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina
Lin Wei
Laufey Jensdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIÐLA

Alexandra Woroniecka
Gunnhildur Daðadóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Justyna Bidler
Emma Garðarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Þórdís Stross

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Guðbjartur Hákonarson

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LÍSTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
lístrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Guðný Jónasdóttir
Margrét Árnadóttir
Urh Mrak

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthias Nardeau

KLARÍNETT

Grimur Helgason
Auður Edda Erlendsdóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Justin Mange
Emil Friðfinnsson
Yi-Ling Shih
Jason Friedman

TROMPET

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Itamar Elis

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ

Liam Kaplan

PÁKUR

Rafael García

SLAGVERK

Marco Santos
Frank Aarnink
Steeff van Oosterhout

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

*Kvika eignastýring veitir alhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA
Eignastýring